Skráning á málum í samþættri þjónustu

Frá og með 1. janúar 2025 mun BOFS kalla eftir eftirfarandi upplýsingum þrisvar á ári.

- Fyrstu skil eru **15. maí** fyrir tímabilið 1. janúar – 30. apríl
- Önnur skil eru **15. september** fyrir tímabilið 1. maí – 31. ágúst
- Þriðju skil eru **15. janúar** fyrir tímabilið 1. september – 31. desember

Upplýsingar um tengiliðir farsældar hjá sveitarfélögum

1. *Fjöldi mála sem fóru í samþættingu þjónustu hjá tengilið farsældar að beiðni foreldra/barns á tímabilinu (ath hér er ekki verið að tala um mál sem komu frá öðrum tengilið farsældar og málið því þegar í samþættingu – aðeins um ný mál)*

   1.a Kynjaskipting (drengir, stúlkur, stálp, ófædd börn)
   1.b Þar af fjöldi barna með erlendan bakgrunn (með erlendum uppruna barna er átt við börn þar sem a.m.k. annað foreldrið er af erlendum uppruna (innflytjendur, önnur kynslóð innflytjenda eða börn þar sem annað foreldrið er erlent).

2. *Heildarfjöldi mála í samþættri þjónustu (mál í vinnslu) í lok tímabils – óháð því hvenær þau hófust. Hér er átt við 30. apríl, 31. ágúst og 31. desember.*
3. *Fjöldi mála sem tengiliður farsældar vísaði til málstjóra farsældar á tímabilinu*

Skila þarf sundurliðað eftir því hvort um sé að ræða leikskóla, grunnskóla eða félagsþjónustu.

	1.	1. a	1. a	1. a	1. a	1. b	2.	3.
	Ný mál	Drengir	Stúlkur	Stálp	Ófædd börn	Erlendur bakgrunnur	Heildarfjöldi opinna mála í samþættri þjónustu við lok tímabils	Fjöldi mála vísað til málstjóra farsældar á tímabilinu
Grunnskólar								
Leikskólar								
Félagsþjónusta (fyrir börn sem ekki eru í skóla)								

Málstjórar farsældar hjá sveitarfélögum

Hér er verið að kalla eftir upplýsingum frá annars vegar málstjórum farsældar sem vinna í félagsþjónustu og hins vegar í barnavernd. Upplýsingarnar segja til um fjölda barna þar sem málstjórar farsældar stýra samþættri þjónustu annars vegar hjá félagsþjónustu og hins vegar hjá barnavernd.

Hér er aðeins verið að spyrja um þau mál sem málstjóri farsældar stýrir og eru í samþættri þjónustu, ekki önnur mál sem málstjóri farsældar kemur að.

Ekki er hér verið að spyrja um á hvaða stigi þjónustan er sem barnið fær, heldur hvaða aðili stýrir samþættingunni.

1. *Fjöldi mála sem fóru í samþættingu þjónustu að beiðni foreldra/barns í mánuðinum. (ath hér er ekki verið að tala um mál sem komu frá öðrum málstóra farsældar og málið því þegar í samþættingu – aðeins um ný mál)*

   1.a. Kynjaskipting (drengir, stúlkur, stálp, ófædd börn)
   1.b. Þar af fjöldi barna með erlendan bakgrunn (með erlendum uppruna barna er átt við börn þar sem a.m.k. annað foreldrið er af erlendum uppruna (innflytjendur, önnur kynslóð innflytjenda eða börn þar sem annað foreldrið er erlent).

2. *Heildarfjöldi mála í samþættri þjónustu (mál í vinnslu) í lok tímabils – óháð því hvenær þau hófust*
3. *Fjöldi mála sem málstjóri farsældar vísaði til tengiliðar farsældar á tímabilinu*

	1.	1. a	1. a	1. a	1. a	1. b	2.	3.
	Ný mál	Drengir	Stúlkur	Stálp	Ófædd börn	Erlendur bakgrunnur	Heildarfjöldi opinna mála í samþættri þjónustu við lok tímabils	Fjöldi mála vísað til tengiliðar farsældar á tímabilinu
Málstjóri farsældar í félagsþjónusu								
Málstjóri farsældar í barnavernd								